

**Nd.** **377. Frumvarp til laga** [146. mál]  
um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „missiri í senn“ í 2. gr. laganna komi: þrjá mánuði í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er fram borið eftir beiðni viðskiptamálaráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu frv.:

Þegar lögín um verðjöfnun á olíu og benzíni komu til framkvæmda, skipaði ráðuneytið verðjöfnunarsjóðnum stjórn, sem sér um framkvæmd verðjöfnunarinnar í umboði ráðuneytisins og undir yfirstjórn ráðherra. Stjórn verðjöfnunarsjóðsins hefur tjáð ráðuneytinu, að komið hafi í ljós, að nauðsynlegt sé, á meðan verðjöfnunin er á byrjunarstigi og reynsla er að fást um framkvæmdina, að heimilt verði að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir skemmri tíma en missiri í senn til þess að forðast að óeðlilega háar innstæður eða skuldir á einstökum olíutegundum myndist í verðjöfnunarsjóði, og er tilgangur frumvarps þessa að bæta úr því.

Í frumvarpinu felst sú breyting, að hægt verður að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir 3 mánuði í senn í stað 6 mánaða áður. Í þessu sambandi má á það benda, að samkv. niðurlagi 2. gr. laganna er gert ráð fyrir, að greiðslur í verðjöfnunarsjóð og úr honum skuli fara fram ársfjórðungslega, og má því segja, að eðlilegt sé, að verðjöfnunargjaldið sé miðað við sama tímabil, enda verður ákvörðun þess að byggjast á afkomu sjóðsins á næsta tímabili eða tímabilinu á undan.